



Námskrá Garðasels

3 ára

Námskrá Garðasels

Í Garðaseli er unnið eftir skólanámskrá sinni sem byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Garðasel er **heilsuleikskóli** og starfar eftir viðmiðum Heilsustefnunnar. Lögð er áhersla á að auka gleði og vellíðan barnanna í gegnum hreyfingu, næringu, sköpun og gæði í samskiptum. Heilbrigð sál í hraustum líkama eru einkunnarorð Heilsustefnunnar.

Í Garðaseli er unnið út frá kenningum og starfsháttum **Uppeldis til ábyrgðar**. Í þeirri hugmyndafræði er lögð áhersla á jákvæð samskipti, uppbyggilega orðræðu, ábyrgð einstaklingsins á eigin hegðun og möguleika hans á að snúa aftur til hópsins eftir neikvæða hegðun. Mikilvægt er að þekkja þarfir barnanna og koma til móts við þær eins og kostur er.

Í Garðaseli er lögð áhersla á þátttöku allra barna í skólastarfinu og að börnin

- séu lífsglöð
- hafi trú á eigin getu og allir fái að njóta sín á eigin forsendum
- beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- séu sjálfstæð, tillitssöm, skapandi og sjálfsörugg í lok leikskólagöngu sinnar

Leikskólastarfið í Garðaseli er samþætt nám, þar sem börnin uppgötva og læra af öllu, sem þau taka sér fyrir hendur, úti og inni, í skipulögðu starfi, frjálsum leik eða athöfnum daglegs lífs. Börnin læra í samvinnu við önnur börn og fá til þess stuðning frá kennurum sínum, sem veita þeim hvatningu og stuðning til að nýta hæfileika sína.

Námssvið leikskólanna eru og eiga að vera samþætt og samofin í starfinu.

Leikskólinn er skóli fyrir öll börn og áhersla lögð á að hver og einn er einstakur og nám og starf á að taka mið af þörfum hvers og eins. Lögð er áhersla á að börn með fötlun eða frávik í þroska læri í leik og samskiptum við önnur börn eins og kostur er á eigin forsendum og fái sömu tækifæri til leiks og náms í leikskólanum.

Hver og einn er einstakur



Grunnstoðir í starfi með 3 ára börnum

Námsumhverfi

Nám barnsins á sér stað í flestum athöfnum dagslegs lífs, úti og inni. Mikilvægt er að skipuleggja námsumhverfi 3 ára barna þannig að það sé öruggt um leið og það veitir því tækifæri að rannsaka og upplifa, sem er grundvöllur að því að læra. Skipulag rýmis og svæða skiptir miklu máli og mikilvægt að bjóða upp á afmörkuð leiksvæði með 3 - 4 börnum og nægjanlegum efniviði fyrir þann hóp. Lítil rými hvetja börnin til að einbeita sér að því sem er í boði og eiga virk samskipti við önnur börn. Leikefni þarf að vera aldursmiðað og öruggt en um leið áhugavert þannig að barninu langi til að leika með það. Náttúran býr yfir fjölbreyttum efnivið, s.s. sandi, steinum, mold, vatni, grasi, trjám, skordýrum, snjó svo einhver dæmi séu tekin. Ferðir út í náttúruna bjóða upp á ótal möguleika til leikja.

Sjónrænt skipulag

Sjónrænt skipulag hjálpar börnum að átta sig á skipulagi dagsins, hvað á að fara að gera, hvenær á að gera það og hvað kemur næst, þannig læra börnin atburðaröð dagsins. Sjónrænt skipulag gerir daginn skiljanlegri og fyrirsjáanlegri fyrir börnin og veitir öryggi. Mikilvægt er að sjónrænt skipulag sé í augnhæð barna.

Með góðu sjónrænu skipulagi má draga úr heyrnrænum skilaboðum, sem ekki ná til allra barna, og þannig má leggja grunn að því að efla sjálfstæði barnanna (læra að ná sér sjálf í upplýsingar). Sjónrænt skipulag getur náð til dagskipulags, fataherbergis, skipulags hópastarfs og íþróttatíma ásamt valstundum.

Merkingar í umhverfinu

Skýrar merkingar í umhverfinu hjálpa börnum að vera sjálfbjarga í umhverfinu og geta nálgast sjálf það sem þau leita að. Merkingar s.s. á hillum og hvar námsefni er að finna, fatahólfum þeirra og skúffum, nafnið þeirra í vali ásamt merkingum á hinum ýmsu hlutum í umhverfinu vekja áhuga barna á bókstöfum og eru hluti af læsisnámi þeirra síðar meir.

Málumhverfi

Málproski er talinn ein af forsendum einstaklinga til að geta tileinkað sér nýja þekkingu. Á milli einstakra barna, sem eru á sama aldurs-skeiði, getur verið munur í þroska sem engu að síður er innan eðlilegra marka. Málrækt er samofin öllu daglegu starfi í leikskólanum.

Málproskinn tekur mikinn kipp við þriggja ára aldur, börnin fara að nota fleiri og fleiri orð, hlusta eftir máli hinna fullorðnu og herma eftir. Því er mikilvægt að kennarar leggi sig fram um að tala vandað og fjölbreytt mál, noti stundum orð sem þarf að útskýra og auka þannig málskilning barna.

Foreldrar yngri barna eru hvattir til að vera góðar fyrirmyndir, setja rétt orð á hluti og athafnir, vera dugleg að lesa bækur heima með börnum sínum og leggja þannig sitt af mörkum í þróun málproska barna sinna.

Félagsproski og leika með öðrum

Félags- og tilfinningaþroski barna er í mótun öll bernskuárin og mikilvægt að byrja snemma að hlúa að og móta. Barn byrjar að mynda tengsl við umhverfi sitt um leið og það fæðist og byggir ofan á þau tengsl í samskiptum og leik. Yngri börnin í leikskólanum læra smátt og smátt að leika með öðrum börnum og deila leikföngum og leiknum og 3 ára börn hafa náð ákveðinni leikni í þessum samskiptum. Leiðsögn og stuðningur kennara er mjörg mikilvægur; vera með í leiknum, sjá hvernig börnin leika sér saman, fylgjast með samskiptum þeirra og veita leiðsögn.



Segðu mér og ég gleymi,
sýndu mér og ég man,
leyfðu mér að reyna og ég skil

Leikurinn

Hlutverka- og
ímyndunarleikir

Valstundir

Skynfæra - og
byggingarleikir

Hreyfi- og
ærslaleikir

Hlutverka og ímyndunarleikir	Valstundir	Skynfæra – og byggingarleikir	Hreyfi – og ærslaleikir
Hafa góðan efnivið fyrir hlutverkaleikinn	Börnin taka þátt í valstund og velja sér leiksvæði	Æfa fínhyfingar og örva skynjun með fjölbreyttum efnivið	Fara í hringleiki og aðra leiki sem reyna á líkamsbeitingu
Hafa ákveðið rými sem skipulagt er fyrir hlutverkaleikinn	Læra að leika með fleirum en vinum sínum	Leika með tónlist og hjóðfæri, láta þau hreyfa sig með	Hreyfistundir jafnvægi, þor, samhæfing
Að börnin leiki sér í minni hópum og njóti leiksins og samskipta	Læra að hlusta og taka þátt í valstund – fyrirmæli, nöfn-	Fara í stuttar vettvangsferðir –hlusta, skoða, tala saman, rannsaka	Dansar 1-2 dansar kenndir
Kennari fylgi börnunum í leiknum til að horfa á, fylgjast með og grípa inn í	Æfa sig í að leika í ákveðinn tíma á valsvæði – auka úthald í leiknum	Fjölbreyttir kubbar sem hæfa aldri barnanna	Kenna hvar og hvenær ærslaleikurinn má vera
		Endurnýtanlegur efniviður/könnunarleikur.	Útivist 1 – 2 x á dag

Leikurinn er náms- og þroskaleið sem hjálpar börnum að rannsaka umhverfi sitt, tjá tilfinningar og leysa vandamál. Það er auðvelt fyrir barnið að læra í gegnum leikinn, prófa sig áfram án þess að mistakast því allt er leyfilegt og barnið ræður ferðinni. Leikurinn segir okkur hvernig barnið þroskast og hversu vel því gengur í samskiptum við önnur börn.

Valstundir eru rammi utan um frjálsa leikinn og stýra fjölda barna á leiksvæði. Efniviður getur verið breytilegur á svæðum.

Námsleiðir

- frjáls leikur og fjölbreyttur efniviður, valstundir, leikir úti og inni

Kennslufyrirkomulag

Frjálsi leikurinn / valstundir

Stuðst er við valstundakerfi sem heldur utan um frjálsa leikinn inni. Deildin hefur ákveðinn fjölda svæða með fjölbreyttum viðfangsefnum og ákveðinn fjöldi barna fer á hvert svæði. Þannig fá öll börn gott rými til leiks og athafna. Ýmist er leikið á gólfinu eða við borð og glugga. Fjölbreyttur efniviður sem höfðar til þessa aldurs er t.d. leir, margskonar kubbar, ífelludót, bílar, dúkkur, bækur, púsluspil, ritföng, ýmiss fínhyfingaefniviður og síðan er bætt við því sem vekur áhuga barnanna hverju sinni.

Hlutverka – og þykjustuleikir

Börnin fá tækifæri til að taka þátt í hlutverkaleik þar sem þau læra að greina milli leiks og alvöru og upplifa reynslu sína í gegnum sjálfsprottinn leik. Herbergi á deild er oftast notaður undir þennan leik þar sem efniviðurinn er eldavél og eldhúsdót, dúkkur og fatnaður og ýmiss annar verðlaus búnaður (símar, myndavélar, búningar). Hlutverka- og þykjustuleikur er bæði í valstundum sem hópastarfi.

Hreyfi- og ærslaleikir

Börnin þurfa að fá útrás fyrir hreyfipörf sína og fara öll börn út að lágmarki einu sinni til tvisvar. Þar má hjóla, klífra, hoppa, hlaupa og hafa hátt og nota útiröddina sína. Áhersla er lögð á að búa til áskoranir fyrir börnin, úti og inni, og fá þau til að prófa viðfangsefni undir leiðsögn og eftirliti kennara og auka þrek þeirra og úthald í göngu. Börnin fara svo 1 x í viku í Glaumbæ og þá er frjáls leikur með efniðvið.

Hreyfileikir þar sem börnin syngja, hoppa, dansa og klappa eru hluti af leiknum og fátt sem gleður lítil börn meira en tónlist og söngur.

Einu sinni í viku er skipulögð hreyfistund í leikskólanum þar sem unnið er með áherslur í Heilsubók barnsins og námsleiðir Leikur að læra. Í lok hreyfistundar tekur Hugarfrelsi við, þar sem börnin læra að slaka á og upplifa vellíðan þess að leyfa líkamanum að „ róa“ sig niður.

Dans er hluti af hreyfingu í Garðaseli og bætt er við þann hluta sem þau lærðu á Lóni með því að kenna þeim aðeins flóknari dansa (1-2 dansa)

Æsi og samskipti



Málrækt	Skilningur	Tjáning	Hljóðkerfisvitund
Vandað og fjölbreytt málumhverfi	Lesna bækur og segja sögur, vinna með orð og texta	Æfa börnin í að segja frá og spyrja, endurtaka, sögustóll.	Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum.
Vinna með TMT Finna tákn fyrir grunnhugtök og orð.	Sögupokar / bækur og hlutir tengdir sögunni	Lengja setningar barnanna með því að endurtaka og bæta meiru í	Bókasafnsferðir Taka bækur heim í leikskólann sem við lesum og ræðum um
Lesna og syngja með börnunum bækur og söngva sem hentar þeirra aldri / þroska	Setja orð á hluti og athafnir.	Kenna ég og þú	Athygli – og hlustunarleikir -hljóðabingó -örsögur.
Vinna með spil, myndir og málræktarefni	Vinna með afstöðuhugtök.	Byrja á fleirtölu algengra orða	Læra vísur, þulur, rím og önnur sönglög
Kanna orðaforða barna reglulega, TRAS.	Velja þulur / vísur og vinna með	Spyrja börnin og gefa þeim tíma til að svara	Nota námsefnið Lubbi finnur málbeinið
Merkingar á deild, dagskipulag sýnilegt fyrir börnin	Vinna með einföld fyrirmæli	Æfa hlustun og frásögn í leik og lestri	Leikur að læra Verkefni tengd læsi og bókstöfum
Bókaormur Börnin koma með bók að heiman	Orðaormurinn-hópurinn finnur orð úr bók sem þau ræða um og setja upp á vegg		

Málþroskinn tekur mikinn kipp við þriggja ára aldurinn, barnið fer að nota fleiri og flóknari orð og eiga í samskiptum við stærri hóp og spyr um allt sem auga á festir. Orðaforðinn vex hratt á þessum aldri, og barnið fer að nota persónufornöfn, forsetningar og fleirtölumyndir. Málskilningur fer vaxandi jafnhliða því sem setningar verða flóknari og lengri. Viðfangsefni barnsins taka mið af þessu getustigi þar sem þessir fjórir meginþættir málræktar og málörvunar, leggja grunninn að þeirri vinnu.

Kennslufyrirkomulag

Markviss málörvun þar sem unnið er með orðaforða barna og umhverfi og þar sem ritmálið er gert sýnilegt eykur áhuga barna á ritmálinu og hvetur þau til læsis. Með því að hafa ritmálið sýnilegt mun áhugi barna og þekking á bókstöfum aukast.

Samverustundir

Í samverustundum sem farið er í einu sinni á dag, er spjallað saman, lesið, sungið og farið í léttu leiki. Lesið er fyrir börnin efni sem hæfir aldri þeirra og þroska, sungið, sagðar sögur og ævintýri. Einnig gefst tækifæri til að velta ýmsu fyrir sér, samræður sem byggja á opnum spurningum sem hvetja börnin til að segja skoðun sína á því sem rætt er um. Kennarar leggja markvisst inn ný lög og texta. Hvert barn á sitt sæti í samveru og allir fá að taka þátt. Í gegnum sögur og söng læra börnin orð, texta og rythma sem styður við hljóðkerfisvitund og máltöku. Mikilvægt er að vinna með orð og hugtök til að efla skilning barnanna og þekkingu á orðanotkun.

Lubbi finnur málbein

Unnið er með Lubbi finnur málbein - námsefnið þar sem hver bókstafur á sitt hljóð og sitt tákni. Börnin læra að þekkja stafinn sinn og jafnvel staf foreldra sinna og systkina. Sum ná því að þekkja mun fleiri stafi og er það eðlileg þróun hjá börnum. Myndir með Lubba-táknum eru sýnileg á veggjum og unnið er með stafina, hljóðin og táknið.

Leikur að læra

Kennsluaðferð sem notuð er til að kenna hljóð, stafi, liti, form, stærðfræði og annað í gegnum hreyfingu og leik.

Lestur

Börnin sem sofa fá lestur einu sinni á dag, hin fá lestur tvisvar yfir daginn.

Verkefnið Bókaormurinn er tekið einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn, ákveðinn tíma í senn. Börnin skiptast á að koma með bækur að heiman og foreldrar hvattir til að lesa fyrir börnin heima.

Ritmálið sýnilegt

Merkingar með nöfnum barnanna eru á hólfum, skúffum í samverukrök og á valmyndum.

Sjálfbærni og Vísindi



Umhverfið	Náttúran	Stærðfræði	Vísindi
Kenna börnunum að ganga vel um og bera virðingu fyrir umhverfinu.	Vettvangsferðir	Læra talnarunu 0 -5 0 -10	
Vettfangferðir um næsta nágrenni leikskólans (langsandur, skógrækt, Sólmundarhöfði o.s.frv)	Velja sér tré til að fylgjast með, læra helstu heitin í náttúrunni, t.d. heiti trjáa.	Æfa sig að telja hlutbundið 0 – 3, hversu margir eru að fara í gönguferðina, stór og lítill	Leika sér með ólíkan efnivið
Umhverfisbingó þar sem fundin eru ýmis heiti og hlutir sem eru í náttúrunni.	Upplifa breytileika náttúrunnar eftir árstíðum	Leggja inn hugtök sem tengjast stærðum.	Gera einfaldar tilraunir með snjó, vatn, ljós, skugga
Börnin hafi aðgang að pappír og ritföngum sem hæfir aldri þeirra	Hreinsa nánasta umhverfi sitt og læra að ganga vel um	Leggja inn hring, þríhyrning og ferning	Myndvarpi til að búa til skuggamyndir, litamyndir Ljósaborð
Lesi fjölbreytt efni fyrir börnin	Skordýr, fuglar, tré, blóm, dýr	Kenna hugtök sem tengjast stærðfræði	Raða , para saman og flokka
		Leikur að læra Verkefni tengd stærðfræði og tölustöfum	

Einföld vísindi og tilraunir eru skemmtileg viðbót við daglegt starf, byggir á tilraunum, að prófa og rannsaka.

Þessi námsþáttur felur í sér margar samþættar námsleiðir (leikur, útivera, útinám, matsmálstímar, hópastarf).

Kennslufyrirkomulag

Í útikennslu er farið í fjölbreyttar vettvangsferðir 1 x í viku á þau útisvæði sem bærinn okkar býður upp - skógræktina, Langasand og á Sólmundarhöfða. Í þessum ferðum fléttast saman upplifun, rannsóknir og vísindi, læsi og stærðfræði ásamt því að læra að hlusta og horfa á náttúruna og njóta slökunar.

Í skógræktarferðum er unnið með árstíðarbundin verkefni þar sem stærðfræðin fléttast inn í með ýmiss konar verkefnum eins og t.d. talning, stærðar- og afstöðuhugtök. Hópurinn velur sér tré og fylgist með því yfir árið vaxa og dafna og breytingum sem verða á því eftir árstíðum. Farið er í ýmsa leiki þar sem unnið er með skynfærin og hugarfrelsi fléttað inn í. Börnin fá að tálga greinar með flysjara, elda eitthvað létt úti

Börnin setja niður kartöflur og taka upp, týna rusl og leika sér með efnivið úr náttúrunni.


Á veturnar eru gerðar tilraunir með snjó, þar sem hann er t.d. litaður og fylgst með honum bráðna.

Í hópastarfi og leiknum gefast mörg tækifæri til að rannsaka og kanna, draga ályktanir og læra meira og meira.



Ormuralltaf spennandi 😊

Heilbrigði og velferð



Hreyfing	Útivist	Næring	Velliðan
Skipulögð hreyfistund 1 x viku	Dagleg útivera 1x – 2 x á dag	Hvetja börnin til að smakka allan mat	Kenna / fylgja eftir hreinlæti
Hreyfing í hópastarfi	Stuttar göngu- / vettvangsferðir hópaskipt	Kenna börnunum að nota mataráhöld og almenna borðsiði	Kenna börnunum jákvæð samskipti
Viðfangsefni á hverjum degi úti og inni	Frjáls leikur í garðinum; (leika, ganga, hjóla, hlaupa, klifra, hoppa)	Setja grænmeti á diska barnanna og hvetja þau til að smakka það	Kenna félagshæfni og samskipti í gegnum leikinn
Dans / hreyfileikir	Útinám í umhverfi nærri skólanum,	Bjóða upp á ávaxtastund milli mála	Vinna með einfaldar og skýrar reglur innan deildar
Heilsuskokk Garðasels 2 x á ári	Skógræktarferð einu sinni í viku, 3 mánuði á haustönn og 4 mánuði á vorönn.	Fræða börnin um hollt og gott mataræði.	Hrósa og gefa hlýju / snertingu (hugarfrelsi, slökun, nudd,)
Íþróttadagar í júní	Útileikir		Efla sjálfstæði og sjálfshjálp

Í heilsustefnunni sem Garðasel starfar eftir eru þessir þættir hluti af grunnstoðunum og lögð áhersla á að vinna með þær í námi og starfi með öllum börnum.

Kennslufyrirkomulag

Matartími

Matartímar hafa mikið uppeldislegt gildi. Kennari situr til borðs með börnunum, er þeim góð fyrirmynd og skapar festu og ró. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi samræðna. Kennarar aðstoða nemendur eftir þörfum og hvetja þau til að æfa sig í notkun hnífapara. Börnin

læra líka almenna borðsiði og venjist fjölbreyttri og hollri fæðu. Í upphafi hverjar máltíðar bíða börnin þar til sagt er „gjörið svo vel“ og þakki svo fyrir matinn í lok máltíða.

Fatnaður / fataherbergið

Lögð er áhersla á að börnin læri smám saman að klæða sig sjálf. Með því að hvetja þau og örva til að gera eins mikið og þau geta, styrkist sjálfsmynd þeirra og sjálfsbjargarviðleitni. Í fataherberginu læra þau einnig að sýna hjálpssemi, taka tillit til annarra og ganga snyrtilega frá fatnaði sínum. Kennarar sjá til þess að nemendur fái nægan tíma til athafna með því að vera með litla hópa í fataherberginu samtímis. Foreldrar og kennarar hjálpast að við að hafa fatnaðinn aðgengilegan í hólfum barnanna. Foreldrar sjái um að réttur útbúnaður sé til staðar hverju sinni


Útivist / útinám

Útivist er jafn mikilvægur uppeldisvettvangur og leikur og nám eru innanhúss. Útivist er öllum holl og mikilvæg og lögð er áhersla á að öll börnin njóti daglegrar útivistar. Í útivistinni fá börnin fjölbreytta hreyfingu, útrás fyrir hreyfigleði sína, frjálsa leikinn og njóta samskipta við aðra. Börnin fara að minnsta kosti 1-2 út á dag. Að börnin upplifi útivist á jákvæðan hátt og að þau kynnist nærumhverfi sínu. Farið er í skipulagðar vettvangsferðir.

Vellíðan

Vellíðan og jákvæð samskipti eru mikilvæg öllum og með yngstu börnunum er lögð áhersla á fyrstu samskiptin í stórum hópi, kenna þeim einfaldar reglur deildar og skólans og ekki síst að læra og leika saman með öðrum börnum. Unnið er á einfaldan hátt með Vináttuverkefni Barnaheilla og aðferðir Uppeldis til ábyrgðar sem byggja á jákvæðni, virðingu og uppbyggjandi samskiptaleiðum barna.

Sköpun og menning



Tjáning	Myndsköpun	Tónlist	Menning
Allir fá að tjá sig og segja sína skoðun	Einfaldur efniviður á deild	Söngstund daglega	Gönguferðir, skoða umhverfið og safna efniviði
Gefa góðan tíma til frjáls leiks	Vinna verkefni í Listasmiðju.	Leika með einföld hljóðfæri s.s hristur, egg, stafi, bjöllur	Fræða börnin um íslenskar hefðir og venjur
Hlutverkaleikur -grunnfærni í leiknum og samskiptum	Fjölbreytt leikefni til skapandi vinnu	Vinna með takt, klappa í takt t.d. nafn barnanna	Börnin taki þátt í að undirbúa ýmsar hátíðir og viðburði
Sýningar innan leikskólans.	Vinna með endurvinnanlegan efnivið	Hringleikir og hreyfileikir	Vinna með sveitina og íslensku húsdýrin
Garðaselsgleði, allir syngja og dansa saman á skála	Nota efnivið úr náttúrunni til listsköpunar	Dansa og hreyfa sig frjálst eftir tónlist	Bóndadags og konudagskaffi
Kenna börnunum samræðu, horfa í augu, hlusta og tala til skiptis.	Verkefni yfir veturinn; ég sjálfur, jólin, páskar, jólagjöf	Læra nýja dansa	

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og áherslan er á sköpunarferlinu sjálfu, könnuninni, gleðinni, tjáningunni og náminu sem kemur fram í ferlinu þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Yngstu börnin vinna með einfaldan efnivið og prófa sig áfram með hann á eigin forsendum. Sköpun er samþætt í starfinu og getur farið fram í gegnum leik, hreyfingu, tónlist, myndsköpun og dans.

Í Garðaseli hafa myndast margar hefðir, sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Í hefðum felst oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun

eða bjóða gestum á viðburði í leikskólanum. Að vori bjóða þau foreldrum sínum á Vorhátíð með söng og dansi.

Kennslufyrirkomulag

Leikurinn

Börnin tjá sig í gegnum leikinn og í leik með öðrum. Á Holti eru valstundir sem ramma inn svæði og fjölda barna sem eru saman og viðfangsefnin eru fjölbreytt og ólík. Úthald barna í leiknum er misjafnt og reynt að vinna með að auka það með því að nota tímavaka til að sýna börnunum tímann.

Listasmiðja / mynssköpun

Börnin fara í Listasmiðju einu sinni í viku þar sem unnin eru fjölbreytt verkefni með mismunandi efnivið. Mest er unnið með þekjuliti, vatnsliti og fingramálningu. Þrykk er einnig verkefni sem börnin læra að vinna með.

Söngur og tónlist

Söngur og tónlist eru daglegir þættir í samverustundum.

Í samverustundum eru sungin leikskólalög og árstíðarbundin lög ásamt því að fara í einfalda leiki, s.s. Hver er undir teppinu ?


Tjáning og sköpun er í öllum frjálsum leik yfir daginn. Aðgangur að skriffærum og blöðum er daglega á valsvæðum.

Vettvangsferðir eru farnar um nánasta umhverfi leikskólans með tilheyrandi umræðu og uppgötvunum.



Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar er uppeldis- og samskiptastefna sem miðar að því að efla innri hvata barna til að verða góðir og gefandi einstaklingar, sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Viðurkennt er að allir geta gert mistök og tækifæri gefið til að leiðrétta þau eftir bestu getu.



Uppeldi til ábyrgðar byggir á þeirri trú að allir hafi fimm grunnþarfir, missterkar, sem þeir þurfa að uppfylla ; öryggisþörf, umhyggjuþörf, frelsisþörf, gleðiþörf og áhrifaþörf. Lítil börn þurfa að læra að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að ganga á rétt annarra.

Með 3 ára börnum er lögð áhersla á

- að hjálpa þeim að uppfylla þarfir sínar, veita þeim öryggi, gleði og gefa þeim tækifæri á að hafa áhrif með því að velja þegar það er hægt
- að vinna með öryggi / fjölskylduna ; gera fjölskyldualbúm, húsið þeirra
- að kennarar séu góðar fyrirmyndir og noti það orðalag sem lagt er upp með

Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluáferð þar sem börnin læra í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Áferðin upphefur leikinn og hreyfingu sem skilvirka námsleið um leið og hún veitir gleði og ánægju barnanna. Ferðamátar að verkefni skipta miklu máli og þar ræður þroski og færni barna þeim leiðum (hoppa, skríða, ganga á línu). **Leikur að læra** fellur vel að áherslum Garðasels í hreyfingu.



Með 3 ára börnum verður lögð áhersla á

- gulan, rauðan, grænan og bláan (þekkja þá, flokka, para)
- stafinn þeirra
- hoppa jafnfætis, skríða, fara undir og yfir, ganga á línu (ferðamátar að verkefni)

Vinátta

Vináttuverkefnið er á vegum Barnaheilla og er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskóla.

Hvert barn fær að gjöf bangsann Blæ, sem er táknmynd þessa verkefnis.

Verkefnið byggir á fjórum grunngildum ;

- umburðarlyndi
- virðingu
- hugrekki
- umhyggju

Í verkefninu er lögð áhersla á að efla styrkleika hvers barns og vinna með barnahópinn í heild og horft til samskipta, vináttu og vellíðunar.

Vináttan á því að stuðla að almennri hæfni barna til að takast á við áskoranir daglegs lífs og í samskiptum við aðra.

Með yngstu börnunum er lögð áhersla á að kenna þeim fyrstu samskiptin og leggja grunn að því að þau séu góð hvert við annað. Einnig að þau „ noti orðin sín „ og segi hvað þau vilja.



Vinir eru það dýrmætasta sem maður á.

Að vera góður vinur er lykillinn að því að eignast vin.